

8. fundur stjórnar Prentisöguaseturs 5. desember 2018, kl. 13
haldinn í Bókamiðstöðinni, Laugaveg.

*Mættir: Heimir Br. Jóhannsson, Svanur Jóhannesson, Þórleifur Friðriksson
og Þóra Elfa Björnsson. Baldvin Heimisson og Sófus Guðjónsson fjarverandi.*

ÞEB skráði.

1. *Leiga á húsnæðinu* Heimir setti fundinn, hann sagði leiguna vera kr. 65.000 á mánuði, ekki yrði gerður samningur og félagið væri í raun að framleigja af honum, leiga hefst 15. nóv. 2018. Formaður og gjaldkeri ganga frá greiðslumálunum varðandi leiguna. Ýmis atriði í sambandi við húsnæðið rædd, svo sem salernisaðstaða, málning og annar frágangur á húsnæðinu. Eigandi mun sjá um þau mál. Öryggiseftirlit, tryggingarmál o.fl. kom til tals, aðili frá Öryggismiðstöðinni er væntanlegur að taka út svæðið. Einnig um mönnun á sýningar svæðinu og opnunartíma.
2. *Sýningar svæðið* Mönnum kom saman um að brýnt væri að skipuleggja svæðið, ákveða hvaða munir og tæki verði til sýnis og hvernig og hvað gera þurfi svo hægt sé að sýna án þess að aðgangur sé of greiður að mununum. Þá þarf að flytja burtu það sem ekki er talið sýningarvert. Formaður komi með tillögu á næsta fundi. Minnt var á að skrásetja þurfi tæki og verkfæri.
3. *Gjafir og aðföng* Nokkrar gjafir hafa borist, aðallega smærri verkfæri, nauðsyn að skrá sögu þeirra. Áhugi er fyrir að athuga hvort Ludlow-vél fyrirfinnist sem mætti fá. Heimir sagði vera að láta vinna myndir af Gutenberg, Guðbrandi á Hólum og fleirum sem raða mæti á hillu til fróðleiks. Þá sagði Heimir vilja gefa safninu nafnspjaldavél úr Prentsmiðju Hafnarfjarðar og lausaletur í kössum sem hann hafði nýverið fest kaup á og höfðu verið flutt á staðinn.

Fleira ekki skráð.